

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Lax- og silungsveiði 2024

Salmon, trout and charr catch statistics 2024

Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Lax- og silungsveiði 2024

Salmon, trout and charr statistics 2024

Höfundar	Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson
Samstarfsaðilar	Fiskistofa
Verkefnisstjóri	Guðmunda Björg Þórðardóttir
Yfirlit af	Fjólu Rut Svavarsdóttur
Samþykkt af	Guðna Guðbergssyni sviðsstjóra Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2025-28	ISSN	2298-9137
Dagsetning	27. 06 2025	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	37	Verknúmer	9080

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Hér eru teknar saman tölulegar upplýsingar um lax- og silungsveiði á Íslandi fyrir árið 2024 líkt og gert hefur verið síðustu ár og er birt árlega á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.

Heildarfjöldi laxa, veiddir á stöng árið 2024, var samkvæmt gögnum sem bárust til Hafrannsóknastofnunar alls 43.517 laxar. Af veiddum löxum í stangveiði var 67,5% sleppt og landaðir 32,5%. Veiddir smálaxar (eitt ár í sjó) voru 34.763 eða 79,9% og stórlaxar (tvö ár í sjó) voru 8.754 eða 20,1%. Alls veiddust 3.957 laxar í net og var heildaraflinn 10.514 kg. Í stangveiði voru skráðir alls veiddir 44.557 urriðar og alls 27.778 bleikjur. Skráð heildar silungsveiði í net á landinu öllu voru 7.863 urriðar og 19.907 bleikjur.

Árið 2024 voru hnúðlaxar lítið áberandi í ám hér á landi og voru skráðir 12 hnúðlaxar. Veiddir eldislaxar voru 30, auk fimm klaklaxa sem eru til rannsóknar og regnbogasilungar voru 15.

Rétt er að minna á að skráning á lax- og silungsveiði er lagaskylda skv. 13 gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og skal veiðiskýrslum skilað til Hafrannsóknastofnunar

Lykilorð: Lax, urriði, bleikja, veiðiskráning, stangveiði, netaveiði, smálax, stórlax, afli, sleppt.

Abstract

Reporting of all catch in freshwater fisheries is mandatory, by law in Iceland. Catch recordings are based on a tradition dating back to 1946. The catch statistics have been recorded on electronic form from 1974 and available in a data base. The catch is recorded in a logbook on the website of the Marine and Freshwater Research Institute (MFRI) or another format accepted by MFRI.

The total rod catches of Atlantic salmon in 2024 was 43.517 fish, where off 29.370 (67,5%) was released (catch and release). Total number of brown trout/seatrout caught in rod fishery was 44.557 fish, 18.913 (42,4%) were released and the catch landed was 25.644 fish and 30.625 kg. The total number of Arctic charr/sea run Arctic charr in the rod fishery was 27.778 fish were off 6.696 (24,1%) fish were released and the catch landed was 21.082 fish and 13.272 kg.

A total of 12 pink salmon were recorded and 15 of rainbow trout. A total of 30 escaped farmed salmon were caught, in addition to five broodstock salmon that are being studied.

Keywords: Atlantic salmon, brown trout, Arctic charr, angling net, catch released, catch landed.

1 Inngangur.....	1
2 Aðferðir.....	3
3 Niðurstöður	4
<i>Laxveiði</i>	4
<i>Urriðaveiði</i>	4
<i>Bleikjuveiði</i>	4
<i>Uppruni laxa</i>	5
<i>Netaveiðar lax</i>	5
<i>Afli á villtum laxi</i>	5
<i>Veiðihæstu árnar</i>	5
<i>Veitt og sleppt</i>	6
<i>Veiðihæstu árnar eftir landshlutum</i>	6
<i>Netaveiði</i>	7
<i>Sjóbirtingur og sjóbleikja eftir landshlutum</i>	7
<i>Hnúðlax</i>	7
<i>Eldislax</i>	7
<i>Regnbogasilungur</i>	7
4 Umræður	8
Þakkarorð	10
Heimildir	11
Töflur	12
Myndir	30

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi sumarið 2024, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.	14
Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði á Íslandi sumarið 2024, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	14
Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði og netaveiði á Íslandi 2024, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	15
Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða (sjóbirtinga) og bleikju (sjóbleikju), í stangveiði á Íslandi sumarið 2024, skipt eftir landshlutum.	15
Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2024 skipt í veiði, afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddum í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.	16
Tafla 6. Tíu hæstu laxveiðiárnar sumarið 2024, skipt eftir veiði og afla (afla er fjöldi landaðra laxa). .	17
Tafla 7. Tíu hæstu urriðaveiðisvæðin 2024.	17
Tafla 8. Tíu hæstu bleikjuveiðisvæðin 2024	17
Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Reykjanesi árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	18
Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vesturlandi árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	19
Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vestfjörðum árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	21
Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi vestra árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	22
Tafla 13. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi eystra árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	23
Tafla 14. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Austurlandi árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	24
Tafla 15. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Suðurlandi árið 2024 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	25
Tafla 16. Fjöldi veiddra laxa í völdum ám á Íslandi á árunum 1985-2024 ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið.	27
Tafla 17. Fjöldi veiddra urriða í völdum ám á árunum 1987-2024, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska	29
Tafla 18. Fjöldi veiddra bleikja í völdum ám á árunum 1987-2024, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska	30
Tafla 19. Skráð netaveiði á Íslandi árið 2024. Gefinn er fjöldi og þyngd (kg)	31

Myndaskrá

1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2024 skipt í afla og sleppt ásamt afla og sleppt úr sleppingum gönguseiða	32
2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2024	32
3. mynd. Afla (landað) náttúrlegra laxa úr stangveiði og netaveiði á árunum 1974-2024	33
4. mynd. Fjöldi veiddra urriða í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2024, fjöldi í afla og sleppt.....	34
5. mynd. Fjöldi veiddra bleikja í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2024, fjöldi í afla og sleppt.....	34
6. mynd. Fjöldi veiddra smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó), fært til gönguseiðaárgangs í þeim ám þar sem veiðiskráning hefur verið samfelld frá árinu 1970-2024	35
7. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði 1996-2024 bæði í heild og veiði úr villtum laxastofnum ..	35
8. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði skipt í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö ár í sjó) bæði fyrir veiði í öllum ám og svo fyrir villtra laxa sér	36
9. mynd. Hlutfall urriða og bleikju sem sleppt var úr stangveiði á árunum 1999-2024	36
10. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum.....	37
11. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	37
12. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum.....	38
13. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	38
14. mynd. Fjöldi hnúðlaxa sem skráðir voru á Íslandi árin 2003-2024.....	39

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru dregnar saman helstu niðurstöður um lax- og silungsveiði ársins 2024 og byggir á gögnum sem skilað hefur verið til Hafrannsóknastofnunar. Skráning á lax- og silungsveiði er ein af grundvallarforsendum þess að unnt sé að greina stöðu stofna laxfiska og viðhafa ábyrga og markvissa stjórnun veiða til verndar þessarar mikilvægu náttúruauðlind. Skráning á lax- og silungsveiði er lögbundin samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Forsvarsmenn veiðifélaga og veiðiréttarhafar þar sem veiðifélög eru ekki starfandi bera ábyrgð á að skrá veiði og skila veiðitölum til Hafrannsóknastofnunar.

Skráning á laxveiði var almennt í góðu horfi árið 2024, en áfram er mikil þörf á að bæta skráningu á silungsveiði, bæði í ám og vötnum. Mikilvægt er einnig að skrá aðrar tegundir sem veiðast með í lax- og silungsveiði, svo sem hnúðlax (*Oncorhynchus gorbusha*), flundru (*Platichthys flesus*) og ál (*Anguilla anguilla*). Skráning á veiði þessara tegunda getur gefið vísbendingar um breytingar á vistkerfum, tegundasamsetningu og hugsanlega áhrif umhverfis- og loftslagsbreytinga eða innfluttra tegunda á líffræðilega fjölbreytni. Reglubundin skráning og vöktun allra tegunda fiska í ám og vötnum getur þannig stuðlað að markvissri vernd og sjálfbærri nýtingu fiskistofna í íslenskum vatnakerfum.

Skráning veiði í rafræna veiðibók er opin öllum og aðgengileg á vef Hafrannsóknastofnunar (<https://veidibok.hafogvatn.is/is/svaedi-yfirlit>). Einnig bjóða nokkrir aðilar upp á rafrænt skráningarform í formi smáforrita (app). Forsvaraðilar fyrir slíka skráningu færa veiðigögn beint í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar. Viðkomandi þjónustuaðilar bera ábyrgð á gagnaflutningi og gæðum gagna. Veiðiréttarhafar og umsjónamenn veiðiskráningar eru hvattir til að kynna sér þær lausnir sem í boði eru. Með notkun rafrænnar skráningar er unnt að fylgjast með veiði í rauntíma hjá þeim sem skrá daglega inn í veiðibókina á vef Hafrannsóknastofnunar.

Við mat á ástandi fiskistofna í ám og vötnum og við verðmat veiðihlunninda innan einstakra veiðisvæða eru gögn um lax- og silungsveiði lykilatriði. Veiðitölur eru jafnframt notaðar til að ákvarða skiptingu arðs milli veiðiréttarhafa innan veiðifélaga og því er mikilvægt að skráning sé nákvæm og áreiðanleg.

Hlutfall laxa sem sleppt var eftir veiði árið 2024 hefur aldrei verið hærra frá því skráningar hófust og hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Mikilvægt er að hafa í huga að þegar svo háu hlutfalli fiska er sleppt getur sami fiskur veiðst oftast en einu sinni og þannig skráður oftast í veiðitölur. Þetta þarf að taka tillit til t.d. þegar gögn eru nýtt til stofnstærðarmats en rannsóknir gefa til kynna að það hlutfall sé um 25% (Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson 2007). Einnig skal áréttað að við meðhöndlun fiska sem sleppt er þarf að fara með gát, þar sem laxfiskar eru viðkvæmir fyrir meðhöndlun og áreiti, sérstaklega snemma á veiðitímabilinu.

Þegar þróun á stangveiði er skoðuð þarf jafnframt að hafa í huga að laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu viðkomandi vatnakerfa.

Hnúðlax varð lítið vart í ám 2024 eftir mikla veiði á hnúðlaxi 2023 sem var sú mesta sem skráð hefur verið. Búast má við hnúðlax verði meira áberandi á þessu veiðiári þar sem nú er oddatöluár. Þessi þróun endurspeglar útbreiðslu tegundarinnar við Norður–Atlandshaf og bendir til aukins landnáms hérlandis (Skóra o.fl. 2024). Skráning hnúðlaxa er mikilvæg til að

fylgjast með þróun og útbreiðslu tegundarinnar og afla frekari þekkingar í vistkerfaverkunum hennar í íslenskum ám.

Eldislaxar og regnbogasilungar veiddust í ám árið 2024 og því er mikilvægt að veiðimenn veiti því sérstaklega athygli hvort þeir fiskar sem veiðast beri einkenni sem geta bent til þess að þeir séu strokufiskar úr fiskeldi. Eldiseinkenni geta verið mismunandi og ráðast meðal annars af því hvenær í lífsferli laxins strokið var úr eldiskví. Því getur verið erfitt að greina eldisfiska frá villtum einstaklingum án nákvæmrar athugunar. Til að auðvelda þessa greiningu er veiðimönnum bent á að kynna sér skýringarmynd sem sýnir helstu útlitseinkenni eldislaxa. Þar má meðal annars sjá hvernig lögun bols, ugga og roð getur verið frábrugðin villtum fiskum. Skýringarmynd má nálgast á vef Hafrannsóknastofnunar: https://www.hafogvatn.is/static/files/myndir/villtur-lax-eda-eldislax_poster_2017_eydis_lag.pdf

Mikilvægt er að tilkynna veiði á fiskum með eldiseinkenni til Hafrannsóknastofnunar og/eða Fiskistofu og vill Hafrannsóknastofnun fá alla meinta eldislaxa til að greina uppruna þeirra.

Veiðitölur sem bárust eftir að samantekt þessarar skýrslu lauk eru ekki teknar með í þessari úrvinnslu. Þau gögn verða þó færð í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar og geta nýst í síðari samantektum og rannsóknum.

2 Aðferðir

Umsjón og úrvinnsla gagna sem liggja að baki þessari skýrslu var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Oftast var byggt á samantektarskýrslum úr gagnagrunninum Veiðibók lax- og silungsveiði fyrir hverja á og lá til grundvallar á þeim tölum sem hér voru teknar saman.

Eftirfylgni á gagnaskilum var í formi tölvupósta og/eða símtölum við ábyrgðaraðila ef gögn höfðu ekki borist frá forsvarsmönnum veiðifélaga, veiðiréttarhöfum og leigutökum veiðisvæða. Sama á við um þá sem sjá um að skila gögnum úr öðrum skráningar formum þ.m.t. öppum.

Skil gagna fóru fram á eftirfarandi hátt:

- Rafræn skráning í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar í gegnum Veiðibók lax- og silungsveiði á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.
- Skil með smáforritum (öppum) sem aðilar nýttu og færðu gögn beint í rafrænan gagnagrunn.
- Excel - skjöl sem send voru og unnin handvirkt inn í gagnagrunn þegar um var að ræða magnskráningu á veiði.
- Pdf – skjöl sem voru yfirfærð í Excel og síðan skráð í gagnagrunn.
- Tölvupóstar með upplýsingum í tilfellum þar sem aðeins fáir fiskar höfðu veiðst.
- Hefðbundnar veiðibækur á pappír sem voru handskráðar í gagnagrunninn.

Meðhöndlun ófullnægjandi gagna:

- Ef aðeins lengd eða þyngd var skráð, var sú breyta sem ekki var skráð áætluð út frá sambandi lengdar og þyngdar hjá íslenskum laxi samkvæmt:
$$\text{þyngd} = 0,0000215 * \text{lengd}^{2,83307}$$
- Laxar yfir 70 cm voru flokkaðir sem stórlaxar óháð kyni ef aðeins lengd lá fyrir. Ef hvorugt lá fyrir var fiskur talinn smálax.

Í flokkun og greiningu gagna, voru veiðigögn flokkuð eftir:

- Landshlutum, ám og veiðiaðferðum (stangveiði, netaveiði).
- Heildarveiði, kyni, tegundum.
- Veitt, sleppt, afli, smálax, stórlax, hafbeitarlax.
- Í gagnagrunni skráð með veiðistöðum (með staðsetningu ef hnit lágu fyrir).
- Í samantekt er ekki gerður greinarmunur á staðbundum urriða og sjóbirtingi og staðbundinni bleikju og sjóbleikju.

Gögn um klaklaxa voru skráð sem „sleppt“ þar sem afkvæmi þeirra teljast til hrygningarstofns viðkomandi ár.

Ef upplýsingar um veiða og sleppa liggja ekki fyrir er gert ráð fyrir að fiskinum hafi verið landað.

Ef veiðitölur vantaði vegna friðunar eða annarra ástæðna var það merkt sérstaklega í töflum (töflur 9-15).

Í töflum 16, 17, 18 er veiði á laxi og silungi fyrir valdar ár á tímabilinu 1985 – 2024, en það er hægt að sjá veiði á árunum 1974 – 1984 í eldri samantektarskýrslum.

Gögnum um netaveiði var safnað á líkan hátt og fyrir stangveiði en í netaveiði er heildarfjöldi og heildarþyngd eða meðalþyngd oft gefin en ekki skráð sér fyrir einstaka fiska. Einstaklingsskráning fiska úr netaveiði hefur batnað mikið á liðnum árum og gefur mikilvægar upplýsingar um samsetningu aflans.

3 Niðurstöður

Laxveiði

Heildarfjöldi stangveiddra laxa árið 2024 var samkvæmt skráningum sem skilað var til Hafrannsóknastofnunar alls 43.517 laxar (tafla 1) af þeim var 67,5% sleppt og landaðir 32,5%. Veiddir smálaxar (eitt ár í sjó) voru 34.763 eða 79,9% og stórlaxar (tvö ár í sjó) voru 8.754 eða 20,1%.

Á Vesturlandi voru veiddir á stöng 13.980 laxar. Af þeim var 9.173 sleppt og afli var 4.807 laxar sem vógu 12.285 kg. Meðalþyngd 2,7 kg. Á Suðurlandi voru veiddir í stangveiði alls 10.958 laxar, af þeim var 4.046 sleppt aftur og afli var 6.912 laxar sem vógu 19.596 kg. Meðalþyngd 2,8 kg. Á Norðurland vestra veiddust 6.976 laxar en 6.241 var sleppt og afli var 735 laxar sem vógu 1.986 kg. Meðalþyngd 2,7 kg. Á Austurlandi var veiðin 4.280 laxar og sleppt 4.104 og var fjöldi í afla 176 fiskar sem vógu 488 kg. Meðalþyngd 2,8 kg. Á Norðurlandi eystra veiddust 3.832 laxar og var 3.280 löxum sleppt og fjöldi fiska í afla var 552 laxar sem vógu 1.745 kg. Meðalþyngd 3,2 kg. Á Reykjanesi var veiðin 2.526 laxar og var sleppt 1.975, fjöldi fiska í afla var 551 og vógu 1.372 kg. Meðalþyngd 2,5. Á Vestfjörðum veiddust 965 laxar og var 551 fiskum sleppt, fjöldi í afla var 414 laxar og vógu 1.078 kg. Meðalþyngd 2,6 kg (tafla 1).

Alls veiddust 3.957 laxar í net sumarið 2024 og var heildaraflinn 10.514 kg (tafla 2). Mesta netaveiðin var á Suðurlandi en þar veiddust 3.910 laxar í net og var skráður afli 10.399 kg. Netaveiðin var eins og áður að mestu bundin við stóru jökulárnar á Suðurlandi.

Í stangveiði og netaveiði var heildarfjöldi landaðra laxa samanlagt 18.104 laxar sem vógu alls 49.064 kg, af þeim voru 16.158 smálaxar sem vógu 40.519 kg og 1.946 stórlaxar sem vógu 8.545 kg (tafla 3).

Urriðaveiði

Í stangveiði voru skráðir alls 44.557 urriðar og þar af voru 42,4% þeirra sleppt (tafla 4, 4. mynd). Það er líkt hlutfall slepptra urriða og árið áður þegar 41,3% af stangveiðiveiddum urriða var sleppt. Afli urriða var 25.644 fiskar sem vógu samtals 30.625 kg (tafla 4).

Eins og síðustu ár var mesta skráða stangveiði á urriða á Suðurlandi en þar veiddust 21.048 urriðar og af þeim var 5.497 sleppt (26,1%).

Á Norðurlandi vestra voru veiddir 10.143 urriðar og sleppt 3.871 (38,2%). Á Vesturlandi voru veiddir 1.823 sleppt 655 (35,9%).

Á Norðurlandi eystra voru veiddir 9.958 urriðar, sleppt 7.900 (79,3%). Á Reykjanesi voru veiddir 1.182 urriðar og sleppt 821 (69,5%). Á Austurlandi veiddust 295 urriðar og 161 sleppt (54,6%) eins og áður var minnst veiði á urriða á Vestfjörðum eða 108 urriðar og 8 sleppt (7,4%) (tafla 4).

Bleikjuveiði

Í stangveiði voru skráðar alls 27.778 bleikjur (tafla 4, 5. mynd), af þeim var 6.696 sleppt (24,1%). Afli bleikju var 21.082 fiskar sem vógu samtals 13.272 kg.

Af landshlutum var mesta skráða bleikjuveiði á Suðurlandi alls 17.382 en af þeim var sleppt 2.521 og (14.5%).

Á Norðurlandi vestra voru veiddar 5.391 bleikjur og sleppt 1.698 (31,5%).

Á Norðurlandi eystra voru veiddar 2.589 bleikjur og sleppt 1.571 (60,7%). Alls veiddust 915 bleikjur á Austurlandi og sleppt 399 (43,6%), á Vestfjörðum voru veiddar 734 bleikjur og sleppt 255 (34,7%). Á Vesturlandi voru veiddar 593 bleikjur og sleppt 217 (36,6%), á Reykjanesi voru veiddar 174 bleikjur og sleppt 36 (20,7%) (tafla 4).

Uppruni laxa

Sumarið 2024 voru skráðir í stangveiði alls 35.826 laxar af villtum uppruna (tafla 5, 1. mynd) og voru villtir laxar sem var sleppt 75,3%. Hlutfall laxa í ám sem byggja á sleppingum gönguseiða (hafbeit) var 17,7% og fjöldi laxa var 7.691. Af þeim var 2.398 (31,2%) sleppt.

Meðalveiði árána 1974 - 2024 var 41.476 laxar og meðalveiðin 1974 - 2023 var 41.435 (tafla 5).

Netaveiðar lax

Skráðir veiddir laxar í net voru alls 3.957 (tafla 5, 2. mynd) og afli 10.514 kg. Það voru 145 fleiri laxar veiddir í net 2024 (3.957) en árið 2023 (3.812).

Eftir landshlutum þá skiptist netaveiði þannig að á Suðurlandi voru veiddir 3.910 laxar og þyngd 10.399 kg, á Vesturlandi veiddust 44 laxar alls 101 kg á Norðurlandi vestra veiddust 3 laxar sem vógu 14 kg. Ekki bárust upplýsingar um að lax hafi verið veiddur í net á Reykjanesi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Talsverð minnkun hefur átt sér stað í netaveiðum síðustu ár (3. mynd)

Afli á villtum laxi

Afli á villtum löxum hefur minnkað hlutfallslega á undanförunum árum í stangveiði vegna þess að hlutfall sleppt í veiði hefur farið vaxandi. Árið 2024 var 67,5% laxa í stangveiði sleppt (tafla 5).

Veiðihæstu áranar

Yfir allt landið þá voru 10 efstu laxveiðiáranar Ytri-Rangá og Vesturbakki Hólsár með 4.943 laxa, Miðfjarðará með 2.464 laxa, Kjarrá, Þverá og Litla Þverá með 2.240 laxa, Eystri Rangá með 2.222 laxa, Norðurá 1.703 laxa, Laxá í Dölum 1.365 laxa, Selá Vopnafirði 1.349 laxa, Langá 1.293 laxa, Vatnasvæði Jökulsár á Dal 1.163 laxa og Grímsá og Tunguá saman með 1.143 laxa (tafla 6).

Tíu hæstu veiðisvæði fyrir urriða voru í Veiðivötnum alls 11.468 urriðar, Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal 4.713, Fremri-Laxá á Ásum 4.208, Vatnsdalsá og Giljá 1.824, Laxá í Aðaldal 1.603, Arnarvatn stóra og Austurá 1.598, Hólaá 1.366, Tungulækur 1.146, Skaftá 1061, Apavatn 982 (tafla 7).

Tíu hæstu veiðisvæði fyrir bleikju voru Veiðivötn með 9.730 bleikjur, Hlíðarvatn í Selvogi með 2.754 bleikjur, Hólaá 1.554 bleikjur, Fljótaá 1.144 bleikjur, Arnarvatn stóra og Austurá með

1.013 bleikjur, Víðidalsá og Fitjaá 975 bleikjur, Brúáá og Hagaós 949 bleikjur, Sog 920 bleikjur, Vötn sunnan Tungnaár 813 bleikjur, Vatnsdalsá og Giljá 521 bleikjur (tafla 8).

Veitt og sleppt

Fjöldi skráðra smálaxa var 23.417, samanborið við árið 2023 en þá voru smálaxar 14.504 (6. mynd). Hlutfall villtra laxa sem sleppt er úr stangveiði hefur farið vaxandi og var 75,7% af veiðinni 2024 (7. mynd). Árið 2024 var hlutfall smálaxa sem sleppt var af villtum uppruna alls 72,5% en 90,5% stórlaxa var sleppt (8. mynd). Alls var hlutfall sleppt af smálaxi 62,5% en 87,9% af heildarveiði stórlaxa var sleppt þegar hafbeitarveiðin var tekin með (8. mynd).

Af skráðri stangveiði á urriða þá var 42,4% sleppt aftur og er þetta þriðja árið í röð sem yfir 40% af stangveiddum urriða er sleppt (9. mynd).

Hlutfall bleikju sem var sleppt í stangveiði var 24,1% miðað við 32,2% hlutfall bleikju sem var sleppt árið 2023. Árið 2021 var 45,2% af skráðum bleikjum sleppt og er það ár frábrugðið öðrum árum frá því skráningar hófust á bleikju (9. mynd).

Veiðihæstu árnar eftir landshlutum

Á Reykjanesi veiddust í stangveiði 2.526 laxar og var mesta veiðin í Laxá í Kjós og Bugðu 957 laxar, Elliðaár 938 laxar og Leirvogsá með 279 laxa (tafla 9).

Á Vesturlandi veiddust 13.980 laxar og flestir veiddir laxar á Vesturlandi voru í Kjarrá, Þverá og Litlu Þverá 2.240, Norðurá 1.703, og Laxá í Dölum 1.365 (tafla 10).

Á Vestfjörðum veiddust 965 laxar þrjár efstu veiðiárnar á Vestfjörðum voru Laxá í Hrútafirði með 143 laxa, Laugardalsá með 124 laxa og Staðará í Steingrímsfirði með 115 laxa (tafla 11).

Á Norðurlandi vestra veiddust 6.976 laxar, mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi vestra var í Miðfjarðará eða 2.464 laxar, Laxá á Ásum 1.008 laxar og Víðidalsá og Fitjaá voru samtals með 806 laxa (tafla 12).

Á Norðurlandi eystra veiddust 3.832 laxar og mestur fjöldi veiddra laxa var í Laxá í Aðaldal með 826 laxa, Ormarsá með 468 laxa og Svalbarðsá með 430 (tafla 13).

Á Austurlandi veiddust 4.280 laxar, þrjár aflagæstu árnar á Austurlandi voru Selá í Vopnafirði með 1.349 laxa, Vatnasvæði Jökulsár á Dal var með 1.163 og Hofsá með 1091 laxa (tafla 14).

Á Suðurlandi veiddust 10.958 laxar, mest var veiðin í Ytri – Rangá og Vesturbakka Hólsár alls 4.943, Eystri – Rangá 2.222, Þjórsá 848 (tafla 15).

Í skýrslum um lax- og silungsveiði fyrri ára hefur laxveiði í völdum ám á tímabilinu 1985 til 2024 verið tekin saman. Ef veiðitölur vantaði vegna friðunar eða annarra ástæðna var það merkt sérstaklega í töflum (töflur 9-15).

Meðalveiði hvers tímabils ásamt mestu og minnstu veiði er gefin í töflu 16. Veiði á urriða á árunum 1987-2022 er einnig tekin saman með sama hætti (tafla 17) og sama á við um bleikjuveiði yfir sama tímabil (tafla 18). Auk þess er hægt að sjá í eldri skýrslum tölur frá árinu 1974 – 1984 <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/lax-og-silungsveidin-tolur>

Netaveiði

Skráð netaveiði á laxi var 3.957 laxar og nam heildaraflí 10.514 kg. Á Suðurlandi voru alls 3.910 laxar veiddir í net. Mest var veitt í Þjórsá 3.077 laxar, í Hvítá 492 laxar og Ölfusá 341 laxar. Á Vesturlandi veiddust alls 44 laxar í net. Á Norðurlandi vestra voru skráðir 3 laxar í net, á Austurlandi var enginn lax skráður í net. Ekki var skráð netaveiði á Reykjanesi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austurlandi (tafla 19).

Skráð heildar silungsveiði í net á landinu öllu voru 7.863 urriðar og 19.907 bleikjur. Mesta skráða silungsveiði var á Suðurlandi (tafla 19).

Sjóbirtingur og sjóbleikja eftir landshlutum

Þegar litið er á stangveiði á urriða (sjóbirtingi) í ám sem hafa reglulega og samfellda veiðiskráningu sést að fjöldi skráðra sjóbirtinga er mestur á Suðurlandi (10. mynd). Þegar litið er til frávíks veiði frá meðaltali sést að aukning hefur komið fram í öllum landshlutum á síðari árum þótt nokkur breytileiki geti verið á milli ára (11. mynd). Stærstu stofnar sjóbirtings eru í ám við suðurströndina, einkum í Vestur-Skaftafellsýslu (Guðni Guðbergsson og fl. 2021).

Sjóbleikju hefur að jafnaði fækkað í öllum landshlutum (12. mynd) og er sú fækkun áhyggjuefni. Fækkun bleikju er enn greinilegri þegar litið er til frávíks frá meðaltali (13. mynd). Sjóbleikja hefur verið ríkjandi tegund í ám á Austfjörðum og á Tröllaskaga og var til skamms tíma útbreidd á Vestfjörðum en þessi svæði tilheyra eldri berggrunni landsins. Aukning kom fram í bleikjuveiði á Suðurlandi og munar þar mest um aukna skráða veiði í Sogi. Vert er að hafa í huga skráningu hefur verið ábótavatt á bleikju gegnum árin og getur breytt skráningarform samfara rafrænni skráningu haft áhrif sem vert er að greina.

Hnúðlax

Árið 2024 voru hnúðlaxar (bleiklaxar) ekki áberandi í ám hér á landi. Skráðir hnúðlaxar voru 12 en árið 2023 voru hnúðlaxar mjög áberandi í ám og veiði (14. mynd).

Eldislax

Árið 2024 bárust Hafrannsóknastofnun 30 laxar með eldiseinkenni sem raktir voru til stroks úr eldi. Auk þeirra eru til rannsóknar fimm laxar sem teknir höfðu verið í klak en vísbendingar eru um að þeir séu úr eldi.

Fjallað er um niðurstöður upprunagreininga á lögum frá árinu 2024 í samantektarskýrslu um vöktun vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna sem birt verður á vef Hafrannsóknastofnunar.

Regnbogasilungur

Alls voru skráðir í stangveiði í ám 15 regnbogasilungar:

- Minnivallalækur í Landsveit (6)
- Elliðaár (5)
- Laxá í Leirársveit (3)
- Víðidalsá Húnavatnssýslu (1)

Ekki er vitað um uppruna þeirra. Auk þess voru veiddir 181 regnbogasilungar í Djúpvatni á Reykjanesi þar sem regnbogasilungi hefur áður verið sleppt í vatnið.

4 Umræður

Þær tölur sem hér hafa verið kynntar byggja á skráningum og upplýsingum frá veiðiréttareigendum, leigutökum, veiðimönnum og þeim sem önnuðust skráningu á veiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar eða skiluðu gögnum á annan hátt.

Veiðitölur ársins 2024 sýna viðsnúning frá fyrra ári með verulega aukinni laxveiði um allt land. Þrátt fyrir þessa aukningu frá 2023 þá var veiðin 5% yfir meðaltali áranna 1974 – 2023.

Hlutfall laxa sem sleppt er eftir veiði hefur aldrei verið hærra. Þetta endurspeglar bæði aukna vitund veiðimanna um verndun villtra laxastofna og reglubundnar takmarkanir í veiði, sérstaklega hvað varðar stórlaxa. Slík þróun kallar á áframhaldandi mat á áhrifum þessa, bæði hvað varðar árangur stofnverndar og áreiðanleika veiðitalna, þar sem sami fiskur getur verið skráður oftár en einu sinni. Endurtekin veiðiskráning vegna sleppinga getur leitt til þess að veiðitölur endurspegla ekki raunverulegan fjölda einstaklinga. Hlutfall slepptra laxa hefur aukist jafnt og þétt og árið 2024 var 67,5% af öllum veiddum löxum sleppt aftur. Þessi þróun hefur haldist stöðug yfir 60% síðustu ár. Í mörgum ám er nú skylt að sleppa öllum löxum óháð stærð.

Aukning kom fram á veiði í öllum landshlutum frá árinu 2023 og var sérstaklega aukning á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Slíkar sveiflur undirstrika mikilvægi langtímagagna við mat á þróun laxastofna.

Samsetning veiðinnar sýnir fjölda smálaxa (79,9%), en mikilvægt er að hafa í huga að stórlaxar, og þá sér í lagi hrygnur gegna lykilhlutverki í viðhaldi stofna. Meðalþyngd á smá- og stórlaxi heldur áfram að vera stöðug á milli ára þó lítilsháttar lækkun sé á stórlaxi frá árinu 2023, en mikilvægt er að fylgjast með þróun meðalþyngdar þar sem breytingar á vaxtarhraða og stærð geta bent til breytinga á aðgengi að fæðu eða öðrum umhverfispáttum meðal annars í sjó. Undanfarin ár hafa sveiflur átt sér stað á endurheimtum laxa úr sjávarðvöl og er fjöldi þeirra laxa sem ganga upp í árnar háður fjölda seiða sem ganga úr ánum til sjávar. Og einnig hversu mörg þeirra lifa sjávarðvölinu af og skila sér aftur í árnar. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi. Ástæður þess eru óþekktar en bent hefur verið á þætti eins og loftslagsbreytingar, meðaflaveiði, áhrif fiskeldis og breytingar á búsvæðum í fersku vatni (Guðni Guðbergsson o.fl. 2021).

Sleppingar gönguseiða hafa mikil áhrif þá sérstaklega á Suðurlandi þar sem tvær ár, Ytri-Rangá og Eystri-Rangá, skiluðu 16,5% af allri veiði. Þetta sýnir hversu miklu slík inngrip geta breytt heildartölum og mikilvægi þess að greina á milli náttúrulegs- og gönguseiða uppruna laxa þegar stofnstæðir eru metnar.

Silungsveiðin er áfram mun minna skráð en laxveiðin, þó vísbendingar séu um batnandi skráningu. Það er þó ljóst að skráningu þarf að efla verulega svo hægt sé að nýta upplýsingar til að meta ástand silungastofna. Rafrænt skráningarkerfi Hafrannsóknastofnunar býður upp á tækifæri til að einfalda ferlið og bæta gæði gagna.

Netaveiðin hefur haldist stöðug síðustu ár með 3,6% aukningu milli ára. Skýrslan gefur líka innsýn í stjórntæki eins og netauppkaupt og ádráttarveiði vegna hnúðlaxa. Þó lítið hafi sést af hnúðlaxi 2024, en aðeins 12 hnúðlaxar voru skráðir, þá eru miklar líkur á að aukning verði 2025

með væntanlegri göngu af seiðum frá 2023. Regluleg og nákvæm skráning á hnúðlaxi verður því mikilvægari til að greina þróun stofnsins og meta mögulega áhrif hans á íslenska laxastofninn sem og stofna sjóbleikju og sjóbirtings. Hingað til hefur veiði mest verið árið 2023 með 562 skráða hnúðlaxa, auk 86 sem vitað er að voru veiddir en ekki skráðir, og veiddist þá hnúðlax í öllum landshlutum. Búast má við að veiði hnúðlaxa aukist á næstu árum, sérstaklega á oddatöluárum, enda hefur tegundin reglubundna tveggja ára lífsferla. Þar sem hnúðlax hefur hrygnt í íslenskum ám, má vænta endurkomu seiða frá hrygningu 2023 sumarið 2025. Mikilvægt er að skrá allar veiðar á hnúðlaxi til að fylgjast með útbreiðslu og vexti stofnsins hér á landi.

Þrátt fyrir bætt verklag og aukna rafræna skráningu eru enn nokkrar ár og vötn þar sem gögn vantar eða eru ófullnægjandi. Áfram þarf því að leggja áherslu á eftirfylgni og skil á veiðitölum, einkum þar sem stofnvernd og líffræðilegt mat byggist á því að skráning sé samfelld og heildstæð.

Greint er frá veiði stökulaxa þar sem vitað var um 30 stökulaxa í árn 2024. Fjallað var niðurstöður upprunagreininga á löxum 2023 (Fjóla Rut Svavarsdóttir og fl. 2024). Stökulaxar geta haft áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, erfðablöndun og samkeppni við villta stofna. Því er afar mikilvægt að veiðimenn þekki útlitseinkenni eldislaxa og að skráning þeirra verði áfram ítarleg. Samstarf Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og Matís gegnir lykilhlutverki við utanum hald gagna og greiningu erfðasýna.

Mikilvægt er að minna á að ef veiðiréttarhafar skrá veiðistaðaheiti og númer í skráningu, þá sést skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu gagnanna um veiði hverrar veiðiár. Ef veiðistaður og númer er skráð þá auðveldar það við að fylgjast með breytingum á veiðidreifingu innan vatnakerfa og vinnu þegar kemur endurskoðun á arðskrárn.

Þakkarorð

Veiðiréttareigendur, leigutakar, veiðimenn og öll þau sem önnuðust skráningu veiðinnar í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar eða skiluðu gögnum í annars konar formi er þakkað þeirra framlag. Fjóla Rut Svavarsdóttir las yfir handrit og færði margt til betri vegar og færðar bestu þakkir. Netaveiðitölur fyrir Vesturland og Suðurland var að mestu safnað saman af starfsmönnum starfsstöðva Hafrannsóknastofnunar á Selfossi og Hvanneyri.

Heimildir

Fjóra Rut Svavarsdóttir, Guðni Guðbergsson, Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Leó Alexander Guðmundsson, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Óskar Helgason (2024). *Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíældis á íslenska laxastofna 2023. Haf- og vatnarannsóknir*. HV 2024-29.

Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson (2007). Áhrif veiða og sleppa á laxastofna og veiðitölur. *Fræðaping landbúnaðarins 2007* (bls. 196-204).

Guðni Guðbergsson, Hlynur Bárðarson, Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Már Einarsson og Magnús Jóhannsson. (2021). Göngufiskar. Guðmundur J. Óskarsson (ritstj.). *Staða umhverfis og vistkerfa í hafinu við Ísland og horfur næstu áratuga*. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2021-14.

Skóra, M.E., Guðbersson, G., Copp, H., & Jones, J.I. (2024). Evidence of successful recruitment of non-native pink salmon *Oncorhynchus gorbuscha* in Iceland. *Journal of Fish Biology*, 104(1), 329-334. <https://doi.org/10.1111/jfb.15556>

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi sumarið 2024, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.

Table 1. Atlantic salmon catch, rod and line in Iceland rivers 2024.

Landshluti	Stangveiði á laxi (Salmon catch, rod and line)											
	Veiði laxa	Fjöldi sleppt	Sleppt smálax	Sleppt stórlax	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Afli smálax	MP smálax	Þyngd smálax	Afli stórlax	MP stórlax	Þyngd stórlax
Region	Catch (number)	Released (number)	Released 1SW (number)	Released 2SW (number)	Catch landed (number)	Catch landed (kg)	Catch 1SW (number)	MW 1SW (kg)	Catch 1SW (kg)	Catch 2SW (number)	MW 2SW (kg)	Catch 2SW (kg)
Reykjanes	2526	1975	1653	322	551	1372	533	2,4	1301	18	4,0	72
Vesturland	13980	9173	7483	1690	4807	12285	4656	2,5	11628	151	4,4	658
Vestfirðir	965	551	413	138	414	1078	379	2,4	917	35	4,6	161
Norðurland vestra	6976	6241	4703	1538	735	1986	689	2,6	1764	46	4,8	222
Norðurland eystra	3832	3280	2258	1022	552	1745	490	2,9	1436	62	5,0	310
Austurland	4280	4104	2842	1262	176	488	148	2,3	339	28	5,3	148
Suðurland	10958	4046	2382	1664	6912	19596	6134	2,5	15517	778	5,2	4078
Samtals:	43517	29370	21734	7636	14147	38550	13029	2,5	32901	1118	5,1	5649

Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði á Íslandi sumarið 2024 skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.

Table 2. Salmon catch in gillnets in Icelandic rivers 2024.

Landshluti	Netaveiði (catch net fishing)					
	Fjöldi laxa	Þyngd lax	Fjöldi smálax	Þyngd smálax	Fjöldi stórlax	Þyngd stórlax
Region	Catch (number)	Catch landed (kg)	Catch 1SW (number)	Catch 1SW (kg)	Catch 2SW (number)	Catch 2SW (kg)
Reykjanes	0	0	0	0	0	0
Vesturland	44	101	38	81	6	20
Vestfirðir	0	0	0	0	0	0
Norðurland vestra	3	14	2	12	1	2
Norðurland eystra	0	0	0	0	0	0
Austurland	0	0	0	0	0	0
Suðurland	3910	10399	3089	7525	821	2874
Samtals:	3957	10514	3129	7618	828	2896

Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði og netaveiði á Íslandi árið 2024, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.

Table 3. Total catch of Atlantic salmon in Icelandic rivers 2024, rods and gillnets.

Landshluti	Samtals afli á stöng og í net (Salmon catch total (rod, net))						Hlutfall af heild (Percentage of total)	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Fjöldi smálax	Þyngd smálax	Fjöldi stórlax	Þyngd stórlax	Fjöldi %	Þyngd %
Region	Catch (number)	Catch landed (kg)	Catch 1SW number	Catch 1SW (kg)	Catch 2SW (number)	Catch 2SW (kg)	Number %	Weight %
Reykjanes	551	1372	533	1301	18	72	3,0	2,8
Vesturland	4851	12386	4694	11709	157	678	26,8	25,2
Vestfirðir	414	1078	379	917	35	161	2,3	2,2
Norðurland vestra	738	2000	691	1776	47	224	4,1	4,1
Norðurland eystra	552	1745	490	1436	62	310	3,0	3,6
Austurland	176	488	148	339	28	148	1,0	1,0
Suðurland	10822	29995	9223	23043	1599	6952	59,8	61,1
Samtals:	18104	49064	16158	40519	1946	8545	100	100

Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða (sjóbirtinga) og bleikju (sjóbleikju), í stangveiði á Íslandi sumarið 2024, skipt eftir landshlutum.

Table 4. Catch of brown trout and Arctic charr in rod and line fishery in Icelandic rivers and lakes in 2024.

Landshluti	Stangveiði Urriði (staðbundinn og sjóbirtingur)				Stangveiði Bleikja (staðbundinn og sjóbleikja)			
	Fjöldi veiddra	Fjöldi sleppt	Fjöldi í afla	Afli: þyngd (kg)	Fjöldi veiddra	Fjöldi sleppt	Fjöldi í afla	Afli: þyngd (kg)
Region	Catch - rod and line Brown trout (sea-run and stationary)				Catch - rod and line Arctic charr (sea-run and stationary)			
	Catch (number)	Catch and released	Catch landed (number)	Catch landed (kg)	Catch (number)	Catch and released	Catch landed (number)	Catch landed (kg)
Reykjanes	1182	821	361	400	174	35	139	72
Vesturland	1823	655	1168	1468	593	217	376	392
Vestfirðir	108	8	100	83	734	255	479	188
Norðurland vestra	10143	3871	6272	6499	5391	1698	3693	3445
Norðurland eystra	9958	7900	2058	3050	2589	1571	1018	1042
Austurland	295	161	134	125	915	399	516	415
Suðurland	21048	5497	15551	19000	17382	2521	14861	7717
Samtals:	44557	18913	25644	30625	27778	6696	21082	13272

Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2024 skipt í veiði, afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddum í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.

